

B.t: Umhverfis- og auðlindaráðuneytið

*Efni: Umsögn um reglugerðardrög um sjálfbæra landnýtingu - mál no 184/2021*

Reykjavík, 10. nóvember 2021

Í þessari umsögn félagsins Verndun og ræktun - VOR, félag framleiðenda í lífrænum búskap er fjallað um efnisatriði sem sér í lagi aðgreina lífrænan landbúnað frá hefðbundnum landbúnaði. Félagið fjallar ekki um almennar kröfur s.s. á sviði beitarstjórnunar eða önnur framkvæmdatriði sem jafnt geta átt við, enda fjölmargar ábendingar komnar fram um ýmis atriði.

Megin forsendur sem félagið leggur til grundvallar umsögn sinni er að notkun á tilbúnum áburði (úr auðleysanlegum söltum/steinefnum, NPK áburður) getur ekki talist sjálfbær. Þar er átt við framleiðslu hans sem krefst gríðarlegrar notkunar á jarðefnaeldsneyti auk annarra neikvæðra áhrifa á umhverfið sem og neikvæð langtíma áhrif hans á jarðveg. Notkun á tilbúnum áburði rúmast því ekki innan skilreiningar á sjálfbærri landnýtingu sbr grein 5. VOR vill því undirstrika að ekki megi leggja notkun á tilbúnum áburði til jafns við notkun á lífrænum áburði í mati á sjálfbærri landnýtingu.

Lífræn ræktun er ekki tilgreind í reglugerðardrögum. Þó er þar um að ræða skilgreinda búskaparhætti sem falla best að markmiðum reglugerðarinnar. Í grein 7 – Viðmið vegna jarðræktar/akuryrkju, liður d) segir t.d.: “Hlúa skal að, viðhalda og efla lífrænt efni í jarðvegi, huga að jafnvægi næringarefna, hringrás og ferlum næringarefna, vernda og viðhalda líffræðilegri fjölbreytni “. Í eðli sínu stefnir lífrænn landbúnaður að þessum markmiðum með áherslu á jarðveg, hringrásarhugsunar og takmörkun á notkun eiturefna. Í reglum um lífræna ræktun er kveðið á um skiptiræktun, notkun staðbundinna lífrænna áburðarefna, takmörk eru sett við magn áburðarefna s.s. köfnunarefnis óháð uppskeru. Enda eru markmið lífrænnar ræktunar sjálfbærni og heilbrigði jarðvegs. Þessu er fylgt eftir með virku eftirliti óháðrar eftirlitsstofnunar (vottunarstofu). Ekki eru forsendur til þess að reglugerðin setji lífrænum landbúnaði skorður umfram hefðbundinn landbúnað.

VOR gerir athugasemd við nokkur atriði í **Viðauka II – Sjálfbær landnýting og aukuryrkja.**

## **2. gr – 8. Málsgrein:**

Telja verður að hætta á því að áburðarefni berist í vatnsból sé mjög misjöfn eftir gróðurfari, legu og staðsetningu þeirra áa, lækja og linda sem liggja kunna nálægt ræktunarlandi. Mikilvægt er að reglugerðin geri með einhverjum hætti greinarmun á því þegar áhætta er mikil eða lítill og tilgreini fjarlægðarmörk þess til samræmis eða viðmiðunar.

## **Viðauki II – 4. gr – Leiðbeiningar um aðgerðir í akuryrkju - Fjarlægð frá ám og vötnum/Útskolunarhætta:**

Fjarlægðarkrafa um 50 metra frá ám og vötnum þar sem búfjáráburður er notaður kann að vera byggð á misskilningi eða lögð fram af ónákvæmni. Í lífrænni ræktun er gjarnan um að ræða búfjáráburð sem hefur farið í gegnum safnhaugagerð, með allt aðra eiginleika s.s. magn þurrefnis heldur en þegar um óunninn áburð er að ræða s.s. mykju. Þessi grein krefst því heildarendurskoðunar og betri leiðsagnar fyrir bændur.

Í lífrænum landbúnaði er útskolun næringarefna minni en þar sem notaður er tilbúinn áburður. Talið er t.d. að 83% af fosfór í tilbúnum áburði skolist í burtu. Rannsóknir hafa sýnt að þar sem borinn er á tilbúinn áburður og húsdýráburður samhliða sé útskolun hvað mest. Að því sögðu er órökrétt að fjarlægðarmörk séu meiri þar sem notaður eru húsdýráburður (50 metrar) en þar sem tilbúinn áburður er notaður (5-10 metrar). Reglugerðin setur með þessum hætti töluverðar skorður við framkvæmd og útbreiðslu lífræns landbúnaðar umfram hefðbundinn, og er þar með á skjön við megin markmið um sjálfbæra landnýtingu sem verið er að reyna að stuðla að.

Að öðru leyti fögnum við þeirri viðleitni að móta viðmið um sjálfbæra landnýtingu og teljum mikilvægt að vel sé að henni staðið, enda yfirgripsmikið verkefni og leiðarljós til framtíðar.

F.h. stjórnar VOR

---

Eygló Björk Ólafsdóttir, formaður